

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Svanfríðar Jónasdóttur og Þórunnar Sveinbjarnardóttur um fjölda keisaraskurða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert var árlegt hlutfall keisaraskurða við fæðingar á árunum 1970–2002?

Niðurstöður þessar eru fengnar úr upplýsingum frá Hagstofu Íslands um fæðingar og úr fæðingaskrá sem út kemur árlega í umsjá kvennadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Í nýjustu skýrslu fæðingaskrárinnar frá 2001 segir á bls. 8: „Tíðni keisaraskurða hefur farið hægt vaxandi á Íslandi á undanförunum árum, eins og víðast hvar annars staðar á Vesturlöndum. Nú varð þó í fyrsta skipti lækkun á heildartíðninni frá árunum á undan ... Víða á Vesturlöndum er tíðnin nú á bilinu 20–25%.“

Hlutfall keisaraskurða af heildarfjölda fæðinga má sjá í meðfylgjandi töflu.

Hlutfall keisaraskurða við fæðingar á Íslandi 1960–2001.

Ár	Fæðingar alls skv. tölum frá Hagstofu	Keisaraskurðir alls skv. fæðingaskrá LSH	Hlutfall keisara af fæðingum
1970	4.032	127	3,2
1971	4.275	149	3,5
1972	4.689	158	3,4
1973	4.595	127	2,8
1974	4.275	194	4,5
1975	4.369	209	4,8
1976	4.293	233	5,4
1977	3.982	270	6,8
1978	4.147	286	6,9
1979	4.454	343	7,7
1980	4.510	335	7,4
1981	4.323	445	10,3
1982	4.311	437	10,1
1983	4.347	495	11,4
1984	4.083	454	11,1
1985	3.812	433	11,4
1986	3.864	459	11,9
1987	4.177	545	13,0
1988	4.646	559	12,0
1989	4.523	523	11,6
1990	4.731	563	11,9
1991	4.479	518	11,6
1992	4.546	619	13,6
1993	4.562	600	13,2
1994	4.366	611	14,0
1995	4.202	604	14,4
1996	4.278	656	15,3

Ár	Fæðingar alls skv. tölum frá Hagstofu	Keisaraskurðir alls skv. fæðingaskrá LSH	Hlutfall keisara af fæðingum
1997	4.073	675	16,6
1998	4.104	665	16,2
1999	4.030	710	17,6
2000	4.253	763	17,9
2001	4.043	686	17,0

Heimildir:

Fæðingaskrá, kvennadeild LSH.

Hagstofa Íslands, Landshagir.